

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Digranesvegur 58. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 16. júlí 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 58 við Digranesveg. Í breytingunni felst að heimilt verður að rífa íbúðarhús byggt 1942 og þriggja hæða fjölbýlishús með sex íbúðum byggt í staðinn. Tillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 2. apríl til 7. maí 2004 með athugasemdafresti til 24. maí 2004. Athugasemd barst. Með tilvísan í framkomna athugasemd var á fundi skipulagsnefndar 6. júlí 2004 samþykkt að fyrirhuguð bygging að Digranesvegi 58 verði færð, miðað við kynnta tillögu, sem nemur 1 metra til norðurs þ.e. nær götu; fyrirkomulagi bílastæða var breytt og gatnamót Digranesvegur og Meltraðar færð inn á deiliskipulagsuppráttinn.

Tillagan var síðan samþykkt í bæjaráði Kópavogs þann 16. júlí 2004 eins og áður segir. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 3. ágúst 2004.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.